



Þjónustumaður óskast á kæliverkstæði

Kælivirkni ehf. óskar eftir að ráða til starfa vélfræðing, vélvirkja, vélstjóra eða mann með mikla reynslu í faginu.

Starfið felur í sér viðhald og uppsetningu véla og tækja tengt kæli og frystibúnaði, auk annarra tilfallandi verkefna.

Við leitum að laghentum og sveigjanlegum starfsmanni. Grunnþekking í kælitækni er nauðsynleg. Starfsmaður þarf að hafa góða færni í mannlegum samskiptum, reyklaus og með hreint sakavottorð.

Áhugasamir sendi umsókn og starfsferilskrá á netfangið: kaelivirkni@kaelivirkni.is

Umsóknarfrestur er til 30 september nk.

Nánari upplýsingar í síma: 5170900

Kælivirkni ehf., Rauðagerði 25, bakhús, 108 Reykjavík, www.kaelivirkni.is

Viltu vinna með frumkvöðlum

hjá skemmtilegu hugbúnaðarfyritæki

Vörustjóri hugbúnaðar

Við leitum að markmiðadrifnum og skapandi einstaklingi í vörustýringu til að leiða framþróun og hönnun hugbúnaðar í vörulínu Betware. Háskólanám og reynsla sem nýtist í starfi er nauðsynleg.

Hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum að sérfræðingi sem hefur brennandi áhuga á nýjustu straumum í hugbúnaðargerð og hefur ánægju af því að vinna í metnaðarfullu teymi við að hanna og þróa leikjalausnir í Java. Háskólanám í tölvunarfræði er skilyrði og starfsreynsla er kostur.

Sérfræðingur í hugbúnaðarprófunum

Við leitum að skipulögðum einstaklingi með mikla greiningarhæfni til að framkvæma prófanir og gæðaeftirlit á lausnum Betware. Háskólanám sem nýtist í starfi og/eda reynsla af hugbúnaðarprófunum er skilyrði.

Kerfisstjóri

Við leitum að skipulögðum einstaklingi sem þykir spennandi að vinna við háupptíma kerfi. Kerfisstjóri sér um viðhald á kerfum í rekstri hjá viðskiptavinum fyrirtækisins jafnt innanlands og erlendis. Reynsla af rekstri á Linux/Unix kerfum er kostur.

Betware er íslenskt hugbúnaðarfyritæki sem sérhæfir sig í að framleiða lausnir fyrir leikjainnaðinn. Meðal viðskiptavina Betware eru framsæknu Lotterí heims og er rík áhersla lögð á nýsköpun og þróun. Hjá Betware starfa um 100 einstaklingar sem leggja allir sitt af mörkum við að skapa skemmtilegan og vinalagan vinnustað. Unnið er í teyminum eftir Agile aðferðafræði. Betware er góður vinnustaður og var fyrirtækið í fjórða sæti yfir Fyrirmyndarfyritæki ársins 2011 hjá VR.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda ferilskrá með heiti á stöðunni sem sótt er um sem viðfangsefni fyrir 3. október á netfangið: applications@betware.com

www.betware.com/about-us/career



Betware
- the best bet



www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARDARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRDUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður í leikskólum

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennari

Hlíðarendi (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennari

Hraunvallaskóli (664 5835 sigrunk@hraunvallaskoli.is)

Deildarstjóri

Leikskólakennari

Proskapjálfi

Hvammur (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar

Norðurberg (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennari

Stekkjarás (664 5862 stekkjaraas@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar

Proskapjálfi/leikskólasérkennari

Allar upplýsingar veita viðkomandi leikskólastjórar. Sjá nánar heimasíður skólanna.

Umsóknarfrestur er til og með 4. október.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um stöfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



Biskupsstofa er embættisskrifstofa Biskups Íslands og skrifstofa Kirkjuráðs og kirkjubings. Hún gegnir margháttuðu hlutverki við stjórnun og reikningshald kirkjunnar, og veitir sóknunum, sjóðum og stofnunum kirkjunnar ýmsa þjónustu.

Biskupsstofa annast almennt fyrirvar vegna Þjóðkirkjunnar og sameiginlegra mála hennar, samskipti og samstarf við hinar ýmsu stofnanir svo og erlend samskipti.

Nánari upplýsingar um Biskupsstofu má finna á www.biskupsstofa.is

Lögfræðingur á fasteignasviði

Biskupsstofa óskar eftir að ráða lögfræðing á fasteignasvið. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra kirkjuráðs.

Megin verkefni

- Yfirumsjón með daglegri umsýslu fasteigna kirkjumálasjóðs
- Áætlana- og samningagerð ásamt eftirliti og endurskoðun
- Ábyrgð á verkefnum fasteignaneftndar og eftirfylgni með ákvörðunum
- Hagsmunagæsla og samskipti við stjórnvöld
- Verkstjórn starfsmanna, gerð og endurskoðun verkferla
- Greining og úrlausn lögfræðilegra álitafna og skjalagerð
- Upplýsingamiðlun og ráðgjöf um lögfræðileg álitamál
- Útreikningur og innheimta leigu fyrir fasteignir
- Eftirlit með fasteignamatí fasteigna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Cand. jur. eða próf á meistarastigi á sviði lögfræði eða viðskiptalögfræði
- Góð þekking á opinberri stjórnsýslu og málsmeðferðarreglum
- Þekking á sviði reksturs og viðskipta er kostur
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög gott vald á rituðu máli
- Mjög góð samskiptahæfni
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 10. október nk. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag.

intellecta

Síðumúla 5, 108 Reykjavík
Sími 511 1225 Fax 511 1126
www.intellecta.is

Capacent Ráðningar

ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í ÞJÓNUSTUDEILD



Samskip eru flutningafyrirtæki sem eru með starfstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu og veitir faglega ráðgjöf. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

Samskip óska eftir að ráða þjónustufulltrúa til starfa í þjónustudeild.

Samskip eru alþjóðlegur vinnustaður sem kappkostar að veita starfsmönnum sínum áskoranir í starfi.

Ábyrgðar- og starfssvið

- Þjónusta við viðskiptavinum félagsins
- Flutningaráðgjöf
- Móttaka verðfyrirspurna og tilboðsgerð
- Úrlausn og svörun fyrirspurna viðskiptavina
- Samskipti við skrifstofur félagsins innanlands og erlendis

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði viðskipta- eða flutningafræða æskileg
- Þekking á flutningageira mikill kostur
- Mjög góð kunnátta í ensku, töluðu og rituðu máli
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi sem og nákvæmni í vinnubrögðum
- Fáguð framkoma, rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



Capacent Ráðningar

VERKFRÆÐINGUR/ TÆKNIFRÆÐINGUR



Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öflugra liðsheid, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet er starfsmanna- og fjölskyldvænt fyrirtæki. Hjá Landsneti starfa u.þ.b. 100 manns.

Við leitum að sérfræðingi í stjórnstöð Landsnets hf. Starfið felst í stýringu og gæslu raforkukerfisins auk annarra verkefna sem tengjast rauntímastýringu og áætlanagerð. Starfið er unnið á dag- og næturvöktum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stýring og vöktun raforkukerfisins
- Aðgerðastjórnun og áætlanagerð
- Hönnun og endurbætur á verkferlum
- Úrvinnsla gagna og skýrslugerð
- Eftirlit með öryggiskröfum
- Þátttaka í rekstri reglunarafliðsmarkaðar

Í boði er:

- Faglegt vinnuumhverfi með áherslu á framsæknar tæknilausnir
- Fjölbreytt verkefni í góðum hópi sérfræðinga
- Áhersla á þjálfun og tækifæri til starfsþróunar
- Fjölskylduvænn vinnustaður

Við leitum að starfsmanni sem hefur:

- Menntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna undir álagi
- Hæfni til að taka óhindrað ákvarðanir
- Samvinnu liðsheidar að leiðarljósi og þjónustu við viðskiptavinum

Hlutverk kerfisstjórnar Landsnets hf. er að annast stýringu og samhæfingu raforkukerfisins skv. raforkulögum og tryggja að rekstraröryggi fullnægi ávallt ströngustu kröfum.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 9. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennum starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000



Capacent Ráðningar

RÁÐGJAFI Á SVIÐI STARFSENDURHÆFINGAR



VR er launþegafélag upphaflega stofnað 1891. Tilgangur félagsins er að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna sinna. Félagið starfrækir skrifstofur í Reykjavík, á Akranesi, í Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum.

Sjúkrasjóður VR leitar að ráðgjafa til að starfa á sviði starfsendurhæfingar. Um er að ræða samvinnuverkefni Sjúkrasjóðs VR og VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Ráðgjafinn mun halda utan um starfsendurhæfingamál félagsmanna VR sem eru óvinnufærir vegna slysa eða sjúkdóma, í þeim tilgangi að aðstoða þá við að auka vinnugetu sína og varðveita vinnusamband þeirra. Um er að ræða mjög krefjandi starf í umhverfi sem er enn í mótun og uppbyggingu.

Helstu verkefni ráðgjafans verða:

- Stuðningur, ráðgjöf og hvatning fyrir einstaklinga
- Upplýsingaöflun og mat skv. viðurkenndum aðferðum
- Umsjón, eftirfylgni og leiðsögn varðandi endurhæfingaráætlanir einstaklinga, í samstarfi við fagaðila
- Samstarf við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir vegna verkefnisins

Upplýsingar um starf ráðgjafa og starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs er að finna á heimasíðu VR www.vr.is og heimasíðu Starfsendurhæfingarsjóðs www.virk.is.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

STÖÐVARGÆSLA Á ÞJÓRSÁRSVÆÐI



Landsvirkjun

Landsvirkjun óskar eftir að ráða starfsmann til stöðvargæslu við aflstöðvar og veitumannvirki á Þjórsársvæði. Ráðningin er tímabundin til eins árs með mögulegri framlengingu.

Aflstöðvar Landsvirkjunar við Búrfell, Sultartanga, Hrauneyjafoss, Sigöldu og Vatnsfell eru á Þjórsársvæði og heyra undir aflstöðvadeild á orkusviði Landsvirkjunar. Starfsstöð viðkomandi verður í þjónustumiðstöð við Búrfellsstöð.

Starfssvið:

Starfið er fólgið í eftirliti og viðhaldi aflstöðvanna og veitumannvirka þeirra ásamt verkefnabundinni vinnu við framþróun og viðhald vottana í gæða-, öryggis- og umhverfismálum.

Æskileg starfsreynsla:

- Reynsla af störfum við afl stöðvar og raforkuvirki
- Reynsla af vinnu við iðntölvur og skjámyndakerfi
- Rekstur og viðhald loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Reynsla af verkefnum á sviði gæða- og öryggisstjórnunar

Hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Vélfræðings- og eða rafvirkjamenntun
- Staðgöð tölvukunnátta
- Aðlögunarhæfni og hæfni til þess að tileinka sér nýjungar
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til kynningar á starfi og starfsumhverfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Í boði er:

- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bættar arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum þess starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Tækifærið þitt!

Sjá nánar á www.intellecta.is

- Navision forritun
- .NET forritun
- Vefforritun
- Navision ráðgjöf
- Axapta forritun
- Hugbúnaðarsérfræðingar

intellecta

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is



Sérfræðingur

við Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Orkustofnun óskar að ráða sérfræðing við Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Helstu verkefni:

Ritstjórn vefsíðu Jarðhitaskólans, samskipti við útgáfustjóra Háskóla Sp í Tókýó varðandi ársskýrslur og upplýsingarit, undirbúningur námskeiða á Íslandi og í þróunarlöndunum, undirbúningur/útgáfa kennslugagna í tengslum við ráðstefnur og námskeið, svo og mótun alþjóðlegrar fjarkennslu Jarðhitaskólans. Sérfræðingurinn tekur þátt í kennslu nemenda eftir því sem bakgrunnur leyfir.

Hæfniskröfur:

Meistarapróf í raunvísindum eða verkfræði og reynsla í rannsóknum eða vinnslu jarðhita. Sjálfstæði í vinnubrögðum og lipurð í samskiptum. Mjög góð enskukunnátt, ritfærni og tölvukunnátt. Áhugi á alþjóðasamstarfi.

Frekari upplýsingar um starfið:

Nánari upplýsingar veitir Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskólans (ibf@os.is, eða í síma 569 6000).

Laun greiddast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf berist starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, netfang gd@os.is, eigi síðar en 11. október.

Orkumálastjóri

Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hefur starfað í Reykjavík frá 1979.

Árlega koma 20-30 raunvísindamenn og verkfræðingar frá þróunarlöndunum til 6 mánaða sérhæfðs náms í jarðhitafræðum og um tíu eru í meistaranámi í samvinnu við Háskóla Íslands. Auk þess heldur skólinn árleg námskeið í Afríku og Mið-Ameríku. Jarðhitaskólinn er rekinn sem sjálfstæð eining innan Orkustofnunar.

Nánari upplýsingar um skólann eru á vefsíðu hans www.unugtp.is.

Aðalstöðvar Háskóla Sameinuðu þjóðanna eru í Tókýó.

www.unu.edu

Orkugarður
Grensásvegi 9
108 Reykjavík
www.os.is

Lögfræðingur

Lögmannsstofa leitar eftir öflugum lögfræðingi til almennra lögfræðistarfa. Málflutningsréttindi eru áskilin. Æskilegt er að viðkomandi hafi gott vald á íslensku og ensku og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti. Sjálfstæði í vinnubrögðum, nákvæmni og vilji til að takast á við krefjandi verkefni er meðal þeirra eiginleika sem sóst er eftir. Umsóknir berist fyrir 1. október 2011.

SÖLUSTJÓRI

Ætlum að ráða sölustjóra til að sjá um öll sölumál félagsins.

Félagið gefur út fjöldann allan af ritum tengdum ferðaiðnaði á Íslandi, Danmörku og í Noregi og þarf viðkomandi að hafa viðtæka reynslu úr sambærilegu umhverfi. Í megindrættum felur starfið í sér að sjá um daglegan rekstur söludeildar, starfsmannamál, áætlanagerð, skipulags og skýrslugerðir.

Hæfniskröfur: Einungis kemur til greina aðili sem hefur þekkingu og reynslu af sölustörfum.

Umsóknir skala senda á bragi@sagaz.is og er **umsóknarfrestur er til 30. sept. n.k.**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Sagaz ehf. • Bæjarlind 6 • 210 Kópavogi.

Í einum grænum

-léttir þér lífið

Í einum grænum,
dótturfélag Sölufélags Garðyrkjumanna,
óskar eftir starfsmanni í þökkun.

Starfið felur í sér þökkun á grænmeti auk tilfallandi verkefna. Starfsmaðurinn þarf að geta tekið þátt í að setja upp og stilla þær vélar sem notaðar eru við starfið og einnig að sjá um skráningu hráefnis og pakkaðrar vöru.

Leitað er að sjálfstæðum einstaklingi sem á gott með að vinna með öðrum. Hann þarf að geta unnið skipulega og sjálfstætt og geta leyst yfirmann sinn af þegar þörf krefur.

Í þökkunardeild starfa að jafnaði 2 – 3 menn, en fleiri yfir uppskerutímamann sem er frá júlí og fram í október. Unnið er frá kl. 7:45 til kl. 16:00 alla virka daga.

Umsóknum skal skilað á netfangið emil@sfg.is fyrir 1 október 2011

Capacent Ráðningar

SÉRFRÆÐINGUR Í FJÁRHAGSÁÆTLUN OG REKSTRAREFTIRLIT

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar leitar að metnaðarfullum og öflugum liðsmanni í áætlunar- og greiningarteymi.

Helstu verkefni

- Undirbúningur og eftirfylgni með vinnslu fjárhagsáætlunar
- Samstæðuáætlun – samantekt og úrvinnsla gagna
- Áætlunarlikön – útfærsla og samhæfing á gagnavinnslu
- Rekstrareftirlit – áhættugreining og fyrirbyggjandi innra eftirlit
- Stjórnendaupplýsingar

Allar frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og Capacent www.capacent.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 5. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Fjölbreytt störf í boði hjá Actavis á Íslandi



Sérfræðingur á fjármálasviði Actavis hf.

Starfið tilheyrir Business Improvement sem er deild á fjármálasviði Actavis hf. Deildin vinnur að umbótaverkefnum í fyrirtækinu auk greininga og skýrslugerðar. Starfið felur í sér mikil samskipti við aðrar deildir Actavis hf. Um er að ræða tímabundna ráðningu í ár.

Helstu verkefni:

- Umsjón með útreikningum á kostnaðarverðum og utanumhald um verðskrá
- Gerð og viðhald skýrsla fyrir hinar ýmsu deildir fyrirtækisins
- Þátttaka í árlegri áætlanagerð

Við leitum að einstaklingi:

- með háskólamenntun í verkfræði eða sambærilega menntun
- með góða kunnáttu í Excel og þekking á SQL er æskileg
- sem sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- sem býr yfir góðri samskiptahæfni og er úrlausnargóður

Starfsmaður í tæknideild

Tæknideild er hluti af starfsemi Actavis hf. og sér um viðhald og eftirlit með tækjabúnaði í verksmiðju og rannsóknarstofu fyrirtækisins, sem staðsett er í Hafnarfirði. Unnið er eftir skriflegum leiðbeiningum og öll viðhaldsvinna er skráð í þjónustuskýrslur/viðhaldsforrit. Um er að ræða vaktavinnu á tvískiptum vöktum, auk bakvakta.

Helstu verkefni:

- Fyrirbyggjandi viðhald, viðgerðir, eftirlit og breytingar á tækjabúnaði framleiðslu- og rannsóknarsviðs
- Skiptingar á milli vörutegunda og uppstart á þökkunarlinum
- Þátttaka í uppsetningu á fyrirbyggjandi viðhaldi og nýjum tækjabúnaði
- Þátttaka í gildingarvinnu og kvörðunum á tækjabúnaði Actavis

Við leitum að einstaklingi:

- með vélfræðimenntun eða sambærilega menntun
- með reynslu af viðgerðum á vélbúnaði, stýringum og rafbúnaði
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum
- sem sýnir nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- með góða ensku- og tölvukunnáttu

Verkefnastjóri breytingaumsókna

Starfið tilheyrir deildinni breytingum og tæknisamningum sem er á skráningarsviði. Hlutverk deildarinnar er tvíþætt, annars vegar sér deildin um hluta tæknisamningagerðar við alla viðskiptavinum Actavis og hins vegar sér deildin um að taka saman breytingapakka og tilkynna viðskiptavinum um fyrirhugaðar breytingar á lyfjum. Verkefnastjóri er í miklum samskiptum við erlenda viðskiptavinum, lyfjafyrirvöld og aðrar deildir/dótturfyrirtæki Actavis. Um er að ræða tímabundna ráðningu í eitt ár.

Helstu verkefni:

- Skipulagning breytingaumsókna er varða hinar ýmsu breytingar sem gerðar eru á lyfjum sem fyrirtækið þróar og framleiðir
- Uppfærsla skráningagagna í samræmi við breytingaumsóknir
- Upplýsinga- og ráðgjöf er varða breytingaumsóknir

Við leitum að einstaklingi:

- með háskólamenntun í lyfjafræði
- sem er nákvæmur, agaður og sjálfstæður í vinnubrögðum
- með mjög góða enskukunnáttu
- með góða almenna tölvukunnáttu

Verkefnastjóri á sviði upplýsingatækni

Starfið tilheyrir Global IT hjá Actavis Group sem sér um upplýsingatæknimál samstæðunnar. Starfið felur í sér að vera til stuðnings hvað varðar upplýsingatæknimál Medis, eins af dótturfyrirtækjum Actavis Group, sem annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja sem selja lyfin undir eigin vörumerkjum. Medis tók SAP viðskiptakerfið í notkun á árinu, en fyrirhugað er einnig að innleiða fleiri kerfi og þróa SAP kerfið áfram.

Helstu verkefni:

- Aðstoð við áframhaldandi þróun á SAP lausnum Medis
- Aðkoma að innleiðingu á Infor lausn fyrir hönd Medis
- Minniháttar aðlaganir á SAP og notendapjónusta að einhverju marki
- Skilgreining og stýring vinnu við áframhaldandi þróun SAP
- Aðkoma að vinnu við skilgreiningu á Master Data Management og tryggja að þarfir Medis séu uppfylltar
- Vinna með öðrum aðilum innan upplýsingatæknisviðs Actavis Group, bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi, að uppbyggingu á upplýsingakerfum Medis

Við leitum að einstaklingi:

- með háskólamenntun í tölvunarfræði, upplýsingatæknikerfum eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi
- með 3-5 ára reynslu í að vinna við SAP
- með reynslu af innleiðingu og/eða stjórnun á ERP kerfum
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum og er góður í hópi
- sem sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- sem er skipulagður og lausnamiðaður

Nánari upplýsingar veitir **Jenný Sif Steingrímsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is.
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **2. október nk**.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is





LAUS SÆTI Í ÚRVALSDEILDINN

Við leitum að fleiri frábærum aðstoðarveitingastjórum til starfa hjá **American Style** í 100% vaktavinnu. Þar er öflug líðsheild og frábær vinnuandi. Ef þú hefur gaman af fólki, ríka þjónustulund og ábyrgðartilfinningu, hikaðu þá ekki við að hafa samband við hann Herwig okkar. Hjá honum færðu allar nánari upplýsingar um skemmtilegt og spennandi starf: hs@foodco.is 568-6836
Umsóknir á: <http://umsokn.foodco.is>

American Style rekur 5 veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík (Skipholt, Bildshöfði, Tryggvagata), Hafnarfjörður og Kópavogur

FOODCO HF BOLHOLT 4 SÍMI 568 6836



STOFA 53 / 200811



Films and Foreign Affairs!

Sagafilm is the biggest independent production company in Iceland and the leader in professional production for TV, commercials, feature films and events. With over 30 years of experience of working for domestic and international clients Sagafilm has become synonymous with ambition, drive and production quality.

Sagafilm offers full production and location services for photoshoots, advertising and feature films. Production service projects include Hollywood blockbusters such as James Bond's *A View to a Kill* and *Die Another Day*, *Tomb Raider*, *Batman Begins* and most recently Alexander Sokurov's *Faust* which just won the Golden Lion at the Venice Film Festival.

Sagafilm is looking for new talent to head it's Production Service Department

We are looking for an individual with the right amount of drive, passion, initiative and sales skills to head our Production Service Department, an individual with confidence to convey the unique services we are able to provide our international clients.

Duties and Responsibilities:

- Day to day running of the Production Service Department and communication with international clients.
- Organization, budgeting, and production of international projects.
- Planning, marketing, PR, and sales in cooperation with other Sagafilm department heads.
- Informative, positive and effective communication with international clients and personnel.
- Represent Sagafilm at conferences and events abroad with an emphasis on creating new business opportunities.

Skills and Other Requirements:

- Passion, drive, initiative and the ability to work well under pressure.
- Prior production service experience for foreign production companies.
- Fluent English, verbal and written. Other languages are a plus.
- Excellent marketing, PR and sales skills at an international level.
- Outstanding communication and organizational skills.

Apply to: Sagafilm, Laugavegur 176, 105 Reykjavík, labelled **Production Service 2011**, before **30.09.2011**

We know how!



Deildarlæknir Endurhæfingarlækningar

Laust er til umsóknar starf deildarlæknis í endurhæfingarlækningum á Grensá í 6-12 mánuði. Starfið getur nýst sem hluti af sérnámi í endurhæfingarlækningum en eftir atvikum einnig námi í öðrum sérgreinum. Þá hentar starfið vel þeim sérfræðilæknum sem vilja auka þekkingu sína og reynslu á vettvangi endurhæfingar. Í boði er góð starfsaðstaða og þátttaka í vísindarannsóknunum.

Deildin sinnir fjölbreyttum endurhæfingarverkefnum með áherslu á endurhæfingu í kjölfar meðferðar á bráðadeildum LSH s.s. heilablóðfalla, heilaskaða, mænuskaða, fjóláverka, missi útlíms, ýmissa alvarlegra veikinda og langvinnra tauga- og vöðvasjúkdóma.

Helstu verkefni og ábyrgð

Deildarlæknir fær viðtæka þjálfun í lækningum og endurhæfingu sjúklinga í kjölfar bráðainnlagnar á Landspítala. Starfið fer aðallega fram á sólarhringsdeild en einnig á dagdeild og göngudeild.

Hæfnikröfur

- » Almenn tæknigaleymi
- » Íslenskukunnátta
- » Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarrestur er til og með 8. október 2011.
- » Starfshlutfall er 100% og teið starfið frá 1. nóvember 2011.
- » Umsókn skulu fylgja náms- og starfsferilskrá. Viðtöl eru liður í ráðningarferlinu.
- » Upplýsingar veita Stefán Yngvason, yfirlæknir, stefanyn@landspitali.is, sími 543 9107 og Gisli Einarsson, yfirlæknir, gisliein@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Stefáni Yngvasyni, yfirlækni, Endurhæfingardeild LSH, Grensá við Álmgæði, 108 Reykjavík.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „Laus störf“. Ef ekki eru tók á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublað í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksstötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Atvinna

Launafli ehf. óskar eftir að ráða
**reynda bifvélavirkja,
vélvirkja og pípara**

til starfa með full réttindi. Góð laun í boði.

Launafli ehf er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð.

Nánari upplýsingar veitir
Adda Ólafsdóttir, starfsmannastjóri og
Magnús Helgason, framkvæmdastjóri.

Hægt er að senda fyrirspurnir og umsóknir á
adda@launafli.is eða magnus@launafli.is.



www.launafli.is – sími 414-9400



Verk-/tæknifræðingar óskast til starfa

Vegna aukinna verkefna hérlendis og í Noregi óskar Almenna verkfræðistofan eftir að ráða öfluga verk- eða tæknifræðinga til starfa á eftirfarandi sviðum:

JARÐTÆKNI

Hafnargerð, vegagerð, hönnun á vatnsaflsvirkjunum og undirstöðum bygginga

SAMFÉLAGSTÆKNI

Veg- og veituhönnun og hönnun umferðarmannvirkja

VATNSAFL

Verk-/tæknifræðingar á sviði bygginga-, vél- eða orkutækni með reynslu af vatnsaflsvirkjunum

Framundan eru fjölbreytt og krefjandi verkefni, hérlendis og í Noregi. Óskað er eftir jákvæðum einstaklingum, sem hafa hæfni í mannlegum samskiptum og sýna sjálfstæði, metnað og frumkvæði í starfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verkfræði/tæknifræði
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði, metnaður og frumkvæði í starfi
- Norðurlandamál er kostur

Umsóknir óskast sendar á alda@almenna.is fyrir 3. október n.k.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum er svarað.

Almenna verkfræðistofunni er skipt í fjögur markaðssvið:

Byggingar og iðnaður
Orka og veitur
Verkefnastjórnun og
Umhverfi og skipulag

Almenna verkfræðistofan leggur metnað sinn í að vera framsækíð, markaðsdrifið og jafnréttissinnað félag og starfsvettvangur metnaðarfullra starfsmanna.

Lykilþættir í starfsemi okkar eru þekking, Metnaður og Áreiðanleiki.

Nánari upplýsingar á www.almenna.is.



Fellsmúla 26 - 108 Reykjavík - Sími: 580 8100
av@almenna.is - www.almenna.is



Mentor - Alþjóðlegt fyrirtæki í örum vexti

Hjá fyrirtækinu starfa 54 einstaklingar í fimm löndum.

Á Íslandi starfa 25 starfsmenn og mikið er lagt upp úr góðum starfsanda.

Við leitum að öflugum fólki í eftirfarandi störf:

Vefhönnun - Grafísk hönnun

Í starfinu felst að uppfæra útlit núverandi kerfis og hönnun nýrra lausna innan Mentor.is ásamt greiningu og útfærslu á sérþörfum notenda.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Samskiptahæfni, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð
- ▶ Menntun á sviði grafískrar hönnunar og viðmótshönnunar
- ▶ Mikill áhugi á nýjustu tækni og skilningur á hugtökum eins og usability, accessibility, progressive enhancement, HTML5 og CSS3
- ▶ Gott vald á ensku


Fjármálastjóri - Afleysing í eitt ár

Viðkomandi þarf að hafa góða reynslu af rekstri og fjármálastjórn. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða eða sambærilegt
- ▶ Reynsla af rekstri og fjármálastjórn skilyrði
- ▶ Ábyrgð á fjármálalegri stjórnun og bókhaldi
- ▶ Skýrslu- og áætlanagerð
- ▶ Kostnaðareftirlit og samningagerð
- ▶ Frumkvæði, metnaður og skipulagshæfileikar

Umsóknir sendist á: starf@mentor.is fyrir 02.10.2011



mentor

Ofanleiti 2 - 103 Reykjavík
www.mentor.is



Starfsmaður í tölvudeild

Mjólkursamsalan óskar eftir að ráða starfsmann til starfa í tölvudeild.

Starfssvið:

- Þjónusta við starfsmenn
- Uppsetning á tölvum og hugbúnaði
- Uppsetning og rekstur prentara
- Aðstoð við rekstur á netþjónum og VMWare
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í kerfis- eða tölvunarfræði kostur
- Microsoft-gráður æskilegar, t.d. MCSE og/eða MCITP
- Þekking á Microsoft-kerfum og netþjónum
- Góð mannleg samskipti og þjónustulipurð
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi

Upplýsingar veitir:

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 2. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Forstöðumaður sérhæfðar dagþjálfunar

Laus er til umsóknar staða forstöðumanns Maríuhúss, sem er sérhæfð dagþjálfun fyrir fólk með heilabilun.

Við erum að leita að hjúkrunarfræðingi með stjórnunar-reynslu og þekkingu/reynslu á umönnun fólks með heilabilun Staðan veitist frá 1. janúar 2012 og er umsóknarfrestur til 14. október nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Svava Aradóttir framkvæmdastjóri FAAS í síma 533 1088 og á netfanginu svava@alzheimur.is

Umsóknir, merkt forstöðumaður sendist til:

FAAS
Hátún 10, b
105 Reykjavík

ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi

STARFSMENN TIL JARÐGANGAGERÐAR

ÍSTAK óskar eftir að ráða einstaklinga vana jarðgangaborun til starfa við framkvæmdir á Búðarhálsi.

TRÉSMÍÐIR

ÍSTAK óskar eftir að ráða trésmiði til tímabundinna starfa við framkvæmdir í Noregi. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf fljótlega.

Upplýsingar um störfín eru veitt á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Sækja skal um störfín á www.istak.is – undir „auglýst störf“ fyrir 30. september næstkomandi.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stór-iðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLA-LÆKNIS

Sérfræðilæknir í hjartalækningum

Laust er til umsóknar afleysingastarf sérfræðilæknis í hjartalækningum. Starfið veitist frá 1. desember 2011 eða eftir samkomulagi, til eins árs með möguleika á framlengingu. Starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur til álita.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna á legu-, dag- og göngudeild ásamt vaktþjónustu við hjartadeild LSH
- » Vinna við samráðskvaðningar á aðrar deildir Landspítala
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækni

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning í almennum lyflækningum og hjartalækningum
- » Breið þekking og reynsla í almennum hjartalækningum
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2011.
- » Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósrit af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Upplýsingar veitir Gestur Þorgeirsson, yfirlæknir, gesturth@landspitali.is, sími 825 5093.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Gestu Þorgeirssyni, yfirlækni, Hjartalækningar 14F við Hringbraut.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra. Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006. Sött er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf“. Ef ekki eru tók á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublað í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðsviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

www.vinna.is



vinna.is
sími: 511 1144



FISKISTOFA
DIRECTORATE OF FISHERIES

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórn og eftirlit með veiðum fiskistofna í sjó og fersku vatni. Fiskistofa annast jafnframt söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is.

Viðskiptafræðingur á fiskveiðistjórnunarsviði Fiskistofu

Fiskistofa hefur áhuga á að ráða viðskiptafræðing með haldgóða þekkingu og reynslu af bókhaldi. Helstu verkefni eru á sviði bakreikninga, en bakreikningar fela í sér rannsókn á því hvort innvígtaður affli í fiskvinnslum sé í samræmi við framleiddar afurðir í viðkomandi fyrirtæki.

Ráðið er í starfið til tveggja ára og mun viðkomandi starfa á starfsstöð Fiskistofu í Vestmannaeyjum. Næsti yfirmaður er forstöðumaður fiskveiðistjórnunarsviðs. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði.
- Þekking og reynsla af bókhaldi.
- Haldgóð þekking á Excel.
- Framúrskarandi talnalæsi. Mikil hæfni til greiningar og úrvinnslu talnaefnis.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í rituðu máli.

Mikilvægt er að viðkomandi hafi hæfileika til rannsókna. Æskilegt er að viðkomandi hafi góða kunnáttu og hæfni til að sækja og vinna upplýsingar úr gagnagrunnum. Reynsla af vinnu með SQL fyrirspurnarmál eða Oracle Discoverer er kostur. Þá er þekking á sjávarútvegi mikill kostur.

Fiskveiðistjórnunarsvið sinnir m.a. eftirliti með vigtun og skráningu sjávaraflla og eru bakreikningar liður í því eftirliti. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrefna Gísladóttir forstöðumaður fiskveiðistjórnunarsviðs og Inga Þóra Þórisdóttir forstöðumaður starfsmanna- og gæðasviðs í síma 569-7900.

Umsóknum sem hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið ingath@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði merktar „Viðskiptafræðingur“.

Umsóknarfrestur er til og með 13. október 2011. Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Rafvirkjar.

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa við almennar raflagnir og tölvulagnir.

Upplýsingar í síma 517 6900, 660 6904 eða
660 6901 á skrifstofutíma 9 til 17
netfang: fagtaekni@fagtaekni.is

ATVINNULAUS HEIMA?

SKEMMTILEGT OG LIFANDI STARF
Ef þú ert ekki í fullu háskólanámi,
þá hentar 72% kvöld- og helgarvinna!
Aðra vikuna er unnið 3 kvöld og allan
daginn laugardag og sunnudag. Hina
vikuna er unnið 2 kvöld.



HÆFNISKRÖFUR • 25 ára +

- með „mömmu“-eiginleika
- með reynslu af heimilisrekstri
- reynsla er kostur en ekki skilyrði

Fáðu nánari upplýsingar hjá Herwig:
atvinna@foodco.is

Umsóknir á: <http://umsokn.foodco.is>

Við leitum að öflugum hópstjóra

Hópstjóri kerfisstjórnunar UNIX og Z/OS

Kerfisstjórnun er átta manna teymi sem ber ábyrgð á hnökralausum rekstri stýrikerfa, aðallega UNIX og Z/OS en einnig Linux. Stærstur hluti lausna Reiknistofunnar keyra á þessum stýrikerfum. Gerð er krafa um órofna þjónustu og til að ná settum markmiðum er búnaður m.a. tvöfaldur í tveimur aðskildum kerfissólum.

Hópstjóri kerfisstjórnunar svarar til framkvæmdastjóra rekstrar- og öryggislausnasviðs. Hann stjórnar hópi tæknimanna/sérfræðinga og fer þar fremstur meðal jafningja.

Helstu hlutverk

- » Leiða hóp sérfræðinga, deila út verkefnum og setja hópnum markmið.
- » Tryggja skipulögð vinnubrögð með áætlunum og eftirfylgni.
- » Tryggja virkt gæðaeftirlit.
- » Meta þjálfunarþörf starfsmanna.
- » Stuðla að góðu samstarfi og góðum samskiptum við aðra hópa Reiknistofunnar.

Hæfniskröfur

- » Góðir samskiptahæfileikar.
- » Háskólamenntun í upplýsingatækni/verkfræði.
- » Reynsla af störfum í upplýsingatækni.
- » Stjórnunarreynsla er æskileg.
- » Gott vald á íslensku tungu.

Upplýsingar veita:

Einar Birkir Einarsson,
framkvæmdastjóri rekstrar-
og öryggislausna
Reiknistofunnar og
Guðbrandur Jónasson
starfsmannastjóri
í síma 569 8877

Umsóknir skal senda Guðbrandi
Jónassyni, gudbrandur@rb.is,
fyrir 7. október nk.



VALITOR

Lausnir án landamæra

Valitor er hraðvaxandi alþjóðlegt fyrirtæki sem býður kaupmönnum, bönkum og sparisjóðum framúrskarandi þjónustu á sviði rafrænna greiðslulausna. Gildin okkar, forysta, frumkvæði og traust knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram til að ná árangri.

Sérfræðingur á fjármálasviði

Við leitum að fróðleiksfúsum og metnaðarfullum einstaklingi til starfa á fjármálasviði. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða.

Starfssvið

- Uppbygging og þróun á stjórnendaupplýsingum fyrir stjórn og stjórnendur félagsins
- Áætlanagerð í samráði við fjármálastjóra og aðra sviðs- og framkvæmdastjóra félagsins
- Eftirfylgni með skilgreindum eftirlitspáttum í rekstri
- Aðstoð við mánaðarleg uppgjör félagsins
- Ábyrgð á kostnaðareftirliti í samráði við fjármálastjóra
- Fjölbreytt greiningarvinna, sem sérfræðingur hefur tækifæri til að móta og þróa

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, rekstrarfræði, rekstrarhagfræði eða öðru sem nýtist í starfi
- A.m.k. 3 ára reynsla við greiningarvinnu
- Reynsla úr fjármálaumhverfinu er kostur
